

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 9/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997⁽¹⁾).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB frá 26. febrúar 1997 um þriðju aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi og þeirra sem hafa eiturhrif við æxlun)⁽²⁾) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0010:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB frá 26. febrúar 1997 (Stjtíð. EB nr. L 68, 8. 3. 1997, bls. 24).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 193, 9.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 68, 8. 3. 1997, bls. 24.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/10/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Þórhallsson E. Gerner